



SEYÐISFJARÐARSKÓLI

- Í hverju barni býr fjársjóður -

Kennsluáætlun 2018-2019

Fag: Enska

Bekkur/samkennsluhópur: 7. bekkur

Kennari/kennarar: Kolbrún Erla Pétursdóttir og Svava Lárusdóttir

Fjöldi kennslustunda í faginu á viku: 3

Fjöldi kennslustunda í faginu yfir árið: Um það bil 85

Tímabil: Allt skólaárið

Efni/þema sem tekið er fyrir

Markmið að nemendur tileinki sér ákveðna þekkingu (lykilorð/færni)

Mánaðarheiti

- Læri mánaðarheitin á ensku.

Stjörnumerki

- Kynnist heitum stjörnumerkjanna í ensku.

Heilbrigður lífsstíll

- Fáir upplýsingar um heilbrigðan lífsstíl og þjálfist í notkun orðaforða sem tengist honum.
- Rýni í eigin lífsstíl til að stuðla að aukinni sjálfsvitund.

Tími og klukka

- Þjálfist í orðaforða sem tengjast tíma og klukku.

Ferðalög

- Þjálfist í orðaforða sem tengist ferðalögum.
- Læri um Ísland og íslenska menningu og menningu í öðrum löndum.

Sögur, fréttir og sjónvarp

- Þjálfist í notkun orðaforða sem oft kemur fyrir í sögum, fréttum og sjónvarpi.

Kvikmyndir, tímarit og greinar

- Þjálfist í notkun orðaforða sem oft kemur fyrir í kvikmyndum, tímaritum og greinum.

Annað

- Læri um eintölu og fleirtölu nafnorða.
- Lýsingarorð

- Læri um jákvæð lýsingarorð og neikvæð lýsingarorð.
- Læri um stigbreyting lýsingarorða.
- Læri um nafnhátt sagna.
- Læri um reglulegar og óreglulegar sagnir:
 - regular jumped, asked, locked, finished, crossed, played, tried, started, rolled, scored, turned
 - irregular ran, had, wore, took)
- Læri um nútíð og þátíð sagna.
- Samheiti (synonyms)
- Tengi saman samheiti.
- Algengar forsetningar
- Læri um algengustu forsetningarnar.
- Persónufornöfn
- Læri um persónufornöfn.
- Reglur um ákveðinn og óákveðinn greini
- Læri reglurnar um ákveðinn og óákveðinn greini.
- Ritun
- Vinni fjölbreytt ritunarverkefni í tengslum við lesna texta.
- Samtöl og samskipti
- Þjálfist í samtölum.
- Fá innsýn í þróun samskipta.
- Orðaleit og leikir
- Þjálfist í að leita að orðum í orðarugli.
- Leysi krossgátur.
- Raðtölur.
- Þjálfist í notkun raðtalna.
-

Markmið að nemendur tileinki sér ákveðna hæfni (lykilorð/færni)

Hlustun

Nemandi getur:

- skilið talað mál er varðar hann sjálfan og hans nánasta umhverfi þegar talað er skýrt og áheyrilega
- skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi og efni sem tengist viðfangsefnum námsins og nýtt sér í ræðu og riti
- fylgt þræði í aðgengilegu fjölmiðlaefni og efni dægurmenningar sem höfðar til hans og getur sagt frá eða unnið úr því á annan hátt
- hlustað eftir efnistöfum nákvæmum atriðum þegar þörf krefur, eins og til dæmis tilkynningum og leiðbeiningum við kunnuglegar aðstæður og brugðist við með orðum eða athöfnum

Lesskilningur

Nemandi getur:

- lesið sér til gagns og ánægju auðlesna texta af ýmsum gerðum um daglegt líf og áhugamál sem innihalda algengan orðaforða og beitt mismunandi lestraraðferðum eftir eðli textans og tilgangi með lestrinum
- skilið megininntak í aðgengilegum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla og brugðist við og fjallað um efni þeirra
- fundið lykilupplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu
- lesið sér til gagns og gamans auðlesnar bækur og tímarit ætluð ungu fólki og fjallað um efni þeirra og skilið leiðbeiningar og upplýsingar um það sem snertir daglegt líf, t.d. tómstundir og ferðalög

Samskipti

Nemandi getur:

- sýnt fram á að hann er nokkuð vel samræðuhæfur um efni sem hann þekkir vel, beitir máli, framburði, áherslum og hrynjandi af nokkru öryggi, skilur og notar algengustu orðasambönd daglegs máls og viðeigandi kurteisvenjur og kann aðferðir til að gera sig skiljanlegan, t.d. með látbragði
- tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf
- bjargað sér við algengar aðstæður, t.d. í verslunum, á veitingastöðum og á ferðalögum
- notað málið sem samskiptamiðil í kennslustundum og undirbúið, tekið og veitt viðtal.

Frásögn

Nemandi getur:

- tjáð sig um það sem við- kemur daglegu lífi hans og því sem stendur honum nærri á vel skiljanlegu máli hvað varðar málnotkun, framburð, áherslur og orðaval
- sagt hnökralítið frá reynslu, framtíðaráformum og eigin skoðunum
- greint frá og lýst atburðum og athöfnum með stuðningi gátlista, tónlistar, mynda o.s.frv.
- flutt einfalda, undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu og flutt tilbúið eða frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra.

Ritun

Nemandi getur:

- skrifað samfelldan texta um efni sem hann þekkir, beitt grunnreglum málfræði og stafsetningar nokkuð rétt, sýnt fram á allgóð tök á daglegum orðaforða og orðaforða sem unnið hefur verið með, skapað samhengi í textanum og notað til þess algengustu tengiorð og greinarmerki
- skrifað texta af mismunandi gerðum, með stuðningi, t.d. gátlista og fyrirmynda og hagað máli sínu í samræmi við inntak og viðtakanda
- sagt nokkuð lipurlega frá og brugðist við því sem hann hefur lesið, séð eða heyrt

- lýst atburðarás eða því sem hann hefur upplifað og notað orðaforða sem lýsir þróun, hraða, eftirvæntingu o.s.frv.
- samið texta þar sem ímyndunaraflið fær að njóta sín.

Menningarläsi

Nemandi getur:

- sýnt fram á að hann þekkir til og skilur allvel ákveðin lykileinkenni í menningu viðkomandi mál- og menningarsvæðis sem snúa að daglegu lífi og aðstæðum íbúanna, einkum ungs fólks og getur sett sig í þeirra spor
- sýnt fram á að hann þekkir til síða og hefða viðkomandi mál- og menningarsvæða og getur borið saman við eigin menningu
- sýnt fram á að hann áttar sig á skyldleika erlenda málsins við íslensku, eigið móðurmál eða önnur tungumál sem hann er að læra.

Námshæfni

Nemandi getur:

- sett sér nokkuð raunhæf markmið, gert sér nokkra grein fyrir hvar hann stendur í náminu og beitt aðferðum til að skipuleggja sig og bæta þar sem þess gerist þörf
- beitt lykilmálsaðferðum til að auðvelda skilning og notkun á tungumálinu og valið aðferð sem hæfir viðfangsefninu, t.d. umorðað ef hann vantar orð og lesið í aðstæður og getið sér til hvaða samræður fara þar fram
- beitt sjálfsmati og tekið þátt í jafningjamati á raunsæjan hátt og veitt sanngjarna endurgjöf með stuðningi frá kennara
- nýtt sér eigin reynslu og þekkingu þegar kemur að því að tileinka sér nýja þekkingu
- tekið þátt í samvinnu um ýmiss konar viðfangsefni og sýnt öðrum tillitssemi
- nýtt sér algengustu hjálpartæki, s.s. uppflöttirit orðabækur, veforðasöfn, leið- réttingarforrit og leitarvélar.

Ábyrgð nemenda (ætlast er til að nemendur)

Nemendur tileinka sér vönduð vinnubrögð og vinnusemi í kennslustundum.

Markvisst er unnið með eftirfarandi grunnstoðir menntunar í kennslu og efnistöku

| Grunnþáttur | Dæmi um verkefni eða nálgun á tímabilinu í faginu (hvernig) | Virkt beint | Óbeint |
|----------------------|---|-------------|--------|
| Læsi | Nemendur lesa enskan texta. | x | |
| Sköpun | Nemendur búa til kynningu á sjálfum sér. | x | |
| Lýðræði Mannréttindi | Nemendur hafa val um fjölbreytt verkefni í ákveðnum kennslustundum. | | x |
| Jafnrétti | Fjallað um menningarlegan margbreytileika í enskumælandi löndum. | | |

| | | | |
|-----------------------|---|--|---|
| Heilbrigði og velferð | Nemendur hvattir til að gera ávallt sitt besta og gefast ekki upp. Nemendur hvattir til að taka ábyrgð á eigin námi. | | x |
| Sjálfbærni | | | |

Markvisst og reglulega er unnið með eftirfarandi lykilhæfni í kennslu og efnistöðum

| Lykilhæfni nemenda | Dæmi um útfærslu sem nýtt verður |
|--------------------------------|---|
| Tjáning | Nemendur hvattir til að nota enskuna eins og mikið og þeir geta í aðstæðum sem gera það mögulegt. |
| Hlustun | Áhersla lögð á hlustun og samskipti á ensku. |
| Miðlun upplýsinga og þekkingar | Nemendur geti sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi á einfaldan hátt. |
| Skapandi úrvinnsla | Unnið með uppfinningar. |
| Gagnrýnin hugsun | Nemendur beita gagnrýnni hugsun við úrvinnslu verkefna. |
| Sjálfstæði | Nemendur vinna sjálfstætt í vinnubækur. |
| Samvinna | Nemendur vinna samvinnuverkefni á stöðvum. |
| Nýting miðla og upplýsinga | Vefmiðlar nýttir til hlustuna og áhorfs. Einnig vefur Menntamálastofnuna. |
| Ábyrgð á eigin námi | Nemendur halda utan um eigin vinnu. |
| Seigla/úthald | Nemendur hvattir til að gera ávallt sitt besta og gefast ekki upp. Nemendur hvattir til að taka ábyrgð á eigin námi. |
| Mat á eigin námi | Sjálfsmat. |

Helstu kennsluáðferðir

- | | |
|---|--|
| <input type="checkbox"/> Útlistunarkennsla | <input type="checkbox"/> Útikennsla/útinám |
| <input type="checkbox"/> Þulunám/þjálfunaræfingar | <input type="checkbox"/> Söguáðferð |
| <input type="checkbox"/> Innlifunaraðferðir. T.d. leiklist í kennslu og hlutverkaleikir | |
| <input checked="" type="checkbox"/> Umræða/spurnaraðferðir | <input type="checkbox"/> Kann, vill vita hef lært |
| <input type="checkbox"/> Leitarnám | <input checked="" type="checkbox"/> Hópavinna |
| <input checked="" type="checkbox"/> Spil/námsleikir | <input type="checkbox"/> Þemanám |
| <input type="checkbox"/> Samvinnunám | <input type="checkbox"/> Verklegr kennsla (LBD) |
| <input type="checkbox"/> Annað | <input type="checkbox"/> Samþætt markvisst við aðrar námsgrein |

Heimanám:

- Daglega
 2-3 sinnum í viku
 1 sinni í viku
 1 sinni til tvisvar í mánuði
 Nánast ekkert
 Frjálst/ nemendastýrt
 Ekkert heimanám

Námsmat:

Hlutfall sjálfsmats: 5%

Hlutfall verkefnaskila: 30%

Hlutfall símats kennara: 25%

Hlutfall lokamats: 10%

Verkefnamappa og/eða vinnubækur: 30%

Leiðsagnarmat nýtt: já (x) Nei ()

Helstu námsgögn/ námsveitur/ aðföng:

Action: lesbók og vinnubók A og B

Verkefni frá kennara

Mynd- og hlustunarefni

Undirskrift kennara

Kolbrún Erla Pétursdóttir (*sign.*)

Svava Lárusdóttir (*sign.*)

Seyðisfjarðarskóli ágúst 2018